

## FUNDARGERÐ

### 128. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins þriðjudaginn 22. sept. 2009 kl. 12<sup>00</sup>–14<sup>00</sup>.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður  
Bryndís Skúladóttir (BS) Guðfinnur G. Johnsen (GGJ)  
Sigurður Örn Guðleifsson (SÖG)  
Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj. Már Karlsson (MK), fundarritari.  
Fjarverandi: Ögmundur Einarsson (ÖE)

#### 1. Fundargerð

Lögð fram fundargerð síðasta fundar (127. fundar). Engar athugasemdir frá fundarmönnum við fundargerðina.

#### 2. Endurskoðun rekstraráætlunar

Eins og áður hefur komið fram hafa engar breytingar verið gerðar á upphæð úrvinnslugjalds frá því í ársbyrjun 2008. Tillögur um breytingar á úrvinnslugjaldi um komandi áramót miða að því að ná viðunandi sjóðstöðu vöruflokka á næstu 4-5 árum. Forsendan er að sjóðsstaða í hinum ýmsu vöruflokkum verði ekki lægri en 30% af árskostnaði við vöruflokkinn. Þar sem hækkunarþörfin er mest er gert ráð fyrir að úrvinnslugjald hækki í tveimur áföngum, 2010 og 2011 eða 2012. Á fundinum var fjallað um tillögurnar.

*Ákvörðunum frestað til næsta fundar. ÓK falið að taka saman minnispunkta um stöðu kælimiðla*

#### 3. Þjónustuaðilar

Hörður Sigurðsson bóndi með heyrúllupast og Fura ehf. með hjólbarða óska eftir að gerast þjónustuaðiliar.

*Samþykktir*

#### 4. Önnur mál

Engin.

Næsti fundur áformaður þriðjudaginn 6. okt. kl. 12:00 á skrifstofu Úrvinnslusjóðs.

Dreifing: stjórn Úrvinnslusjóðs og á vefsíðu Úrvinnslusjóðs